



HLIT1GB01A HKLI1GB03A
Hárlitun 1 Hársnyrting 1

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennsluáætlun – vorönn 2019

Kennari áfangans: E Arna Árnadóttir

Áfangalýsing: Háralitun Lýsing: Nemandinn lærir um lögmál litanna og einkenni þeirra og fræðist um helstu áhöld og efni sem notuð eru til hárlitunar. Farið er í litafræði og kennt að lesa á liti. Kennð eru grunnatriði á íburði litar s.s. litur í rót, heillitur og strípur og gerð litaverklýsinga. Lögð er áhersla á mikilvægi smitvarna og helstu öryggisþátta.

Unnið er með hártoppa og æfingahöfuð.

Klipping Lýsing: Nemandinn kynnist grunnatriðum kennslukerfis hársnyrtinámsins við klippingu á æfingahöfði og tileinkar sér helstu hugtök.

Áhersla er lögð á að horfa og hugsa eins og hönnuður, að þekkja helstu hönnunarpættina

og grunnformin fjögur sem notuð eru við klippingu: jafnsítt form, fláa, auknar og jafnar stytur.

Nemandinn kynnist mikilvægi smitvarna og helstu öryggisþátta. Hann fær að auki grunnþjálfun í gerð og notkun verklýsinga og í meðferð og beitingu áhaldna og tækni við klippingu.

Markmið áfangans:

Þekking: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ýmsum hugtökum sem tengjast klippingum.
- notkun og umhirðu klippivéla.
- notkun og gerð verklýsinga.
- ýmsum hugtökum sem tengjast litafræði og litun.
- litaspjöldum og notkun þeirra.
- grunnlitum og blöndunarlitum.
- notkun og umhirðu áhaldna sem notuð eru við hárlitun.
- gerð litaverklýsinga og tilgangi þeirra.
- helstu smitleiðum og öryggisþáttum.

Leikni: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- klippa hnakka og hliðartopp snöggt með vél og skærum.
- klippa formklippingu á æfingahöfði samkvæmt kennslukerfi.
- klippa dömu- og herraklippingar samkvæmt verklýsingu á æfingahöfði.
- gera verklýsingar fyrir dömu og herraklippingar.
- greina náttúrulit viðskiptavinar út frá litaspjaldi.
- blanda hárlit samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.
- lesa og skilja litaspjöld.
- þekkja tóna í háralit.

gera litaverklýsingar.

Hæfni: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita greiðum, skærum, þynningarskærum, hnífum og klippivél með skiptanlegum kömbum.
- gera verklýsingar.
- geta séð fyrir sér form í klippingum.
- velja mismunandi gerðir lita eftir litaspjöldum.
- bera lit í rót og heillita hár.
gera einfaldar strípur.

Námsefni:	Hársnyrting undirstöðuatriði. Pivot point Sculptiure Online myndbönd.
-----------	---

Námsmat. Símat.